

# Skólafélagið

## Vesturbyggðar

### Framtíðarsýn

Markmið sveitarfélagsins er að starfrækja grunn-, leik- og tónlistarskóla í Vesturbyggð sem standast ýtrustu gæðakröfur á hverjum tíma þar sem allir leggjast á eitt um að stuðla að fjölbreyttu og metnaðarfullu skólastarfi. Velliðan barna er í fyrirrúmi og skóla- og félagsstarf byggir á að rækta styrkleika nemenda kerfisbundið. Mikil áhersla er lögð á uppbyggjandi samskipti við nemendur, foreldra og á milli starfsfólks. Leitað verði fjölbreyttra leiða til þess að koma til móts við nemendur og foreldra óháð búsetu og lögð áhersla á að tengja saman skólastarf, íþróttir, tómstundir og félagslíf. Áhersla er lögð á framúrskarandi starfsaðstæður, kurteisi, gagnkvæma virðingu, jafnrétti og mannréttindi, samvinnu og lýðræðislega starfshætti. Komið er fram við börn af virðingu og tiltrú og skýrar væntingar gerðar til þeirra.

### Grunnþættir menntunar

Starfsfólk skólanna vinni áfram að innleiðingu grunnþátta aðalnámskrár með sérstaka áherslu á sköpun, jafnrétti, raungreinar og kynjafræði. Sjálfbærni og nýting náttúrunnar og nærsamfélagsins til náms og kennslu birtist með skýrum hætti í daglegu skólastarfi. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eiga skýran sess í skólastarfi í Vesturbyggð. Skipulag og starfshættir í skólum endurspeglar sérstaklega skýrar áherslur á heilbrigði og velferð barna og fullorðinna.

# Lykilhæfni

Skólarnir í Vesturbyggð setja lykilhæfni, eins og hún er skilgreind í aðalnámskrá, í öndvegi. Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum og aldurshópum eftir því sem þroski og geta leyfir. Auk lykilhæfni markmiða í aðalnámskrá er lögð rækt við að nemendur tileinki sér vinnusemi og þrautseigju í námi og við úrlausn viðfangsefna. Áhugi barna á sjálfum sér og umhverfi sínu er drifkraftur í námi þeirra og félagsfærni. Nemendur fá tækifæri til að sýna í verki að þau eru mikilvægir lýðræðislegir þátttakendur í sínu samfélagi.

## Uppeldi, nám og kennsla

Skólastarf Vesturbyggðar er byggt á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Komið er til móts við þarfir allra barna og fjölbreyttum eiginleikum þeirra fagnað. Fjölbreyttir kennsluhættir og persónumiðað nám er í fyrirrúmi og félagsleg markmið sett á oddinn. Markvisst er stefnt að því að nemendur taki ábyrgð á námi sínu og séu virkir þátttakendur. Lögð er áhersla á hollustu, hreyfingu og starfsvenjur sem skapa festu og öryggi. Farsæld barna í Vesturbyggð og snemmtæk íhlutun er sveitarfélaginu kappsmál. og gGóð og árangursrík sérfræðipjónusta er í fyrirrúmi.

## Nemendur

Í skólum Vesturbyggðar er lögð áhersla á vellíðan nemenda, góð samskipti, gagnkvæma virðingu og að nemendur taki stigvaxandi ábyrgð á eigin námi eftir því sem þroski þeirra leyfir. Miklu varðar að nemendur hafi sitt að segja um skólastarfið og hlustað sé á raddir þeirra. Skólarnir eru vel að tækjum búnir sem nýtast á skólagöngunni og ýta undir sjálfstæði nemenda .

Fjölbreytt og  
metnadarfullt  
skólastarf

## Starfsfólk

Mikilvægt er að skólarnir séu vel skipaðir menntuðu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki sem setur fagleg sjónarmið á oddinn. Unnið sé eins og framast er unnt að bættum starfsskilyrðum og gefa skal tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið. Stöðugt sé unnið að endurmenntun starfsfólks í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og sérstakt átak gert í að hækka menntunarstig meðal kennara yngstu barnanna.

## Foreldrar

Öflugt og stöðugt umbótastarf er aðalsmerki góðs skóla. Þróunarstarf verður fastur liður í starfi skólanna. Öflugt samstarf ríkir við foreldra og forráðamenn, byggt á gagnkvæmu trausti og virðingu. Foreldrar fá tækifæri til að koma að skólastarfi í gegnum verkefni sem reyna á styrkleika þeirra.

Kostir  
fámennisins  
nýttir

## Skóli og nærsamfélag

Meginmarkmið skólastarfs er að nemendur geti orðið virkir þátttakendur í samfélaginu. Því er áriðandi að skólinn sé í virkum tengslum við umhverfi sitt – náttúru, atvinnulíf og menningu hvers byggðalags. Kostir fámnissins eru nýttir til að tengja enn betur saman skóla, atvinnulíf og félagslíf.

# Samfelld skólaganga og samstarf skóla, tómstunda, tónlistar- og íþróttastarfs

Miklu varðar að starfsfólk allra skólastiga, félags-, tónlistar- og íþróttamála vinni vel saman að fjölbreyttu og lifandi starfi með börnunum. Tryggja þarf eðlilega samfellu sem leiðir að stöðugum framförum barna á milli skólastiga og að viðeigandi upplýsingagjöf sé viðhöfð á milli samstarfsaðila.

Fundnar verði leiðir til þess að nemendur sem eru að hefja framhaldsskólagöngu geti valið úr fjölbreyttum leiðum til að stunda gæðaframhaldsskólanám í heimabyggð eins lengi og kostur er.

## Innleiðing skólastefnu

Forsvarsmenn sveitarfélagsins hafa sett sér það markmið að vinna að innleiðingu skólastefnu sveitarfélagsins með innleiðingaráætlun sem tekur mið af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og endurspeglast í starfsáætlun fræðslu- og æskulýðsráðs. Skólastefnu þessari fylgir tímasett aðgerðaáætlun með viðmiðum og markmiðum. Stefna þessi gildir til næstu fimm ára. Á hverju vori fer fræðslunefnd yfir árangur af stefnu þessari í samvinnu og samráði við skólastjórnendur og stöðu á innra mati þeirra stofnana sem undir þessa stefnu heyra.

Kostir  
fámennisins  
nýttir

Kostir  
fámennisins  
nýttir